

I. kafli
Lög um milligöngu við sölu notaðra ökutækja

1. gr. Markmið

Markmið laga þessara er að tryggja hagsmuni kaupanda og seljanda við sölu notaðra skráningaskyldra ökutækja með aðstoð bifreiðasala. Ætlunin er að slík viðskipti geti farið fram með greiðum og öruggum hætti fyrir kaupanda og seljanda og réttarstaða aðila sé glögg. Markmið laganna er að hlutverk bifreiðasala og ábyrgð sé skýr.

2. gr. Gildissvið

Lög þessi gilda um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja sem fram fer með eftirgreindum hætti:

1. Milliganga um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja.
 2. Sala á notuðum skráningarskyldum ökutækjum í eigu seljandans þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi hans.
- Ákvæði þessa laga taka ekki til nauðungarsölu notaðra ökutækja.

3. gr. Skilgreining á bifreiðasala

Hugtakið bifreiðasali í þessum lögum er notað um þá aðila sem uppfylla skilyrði 6. gr. og hafa leyfi eða löggildingu samkvæmt 5 gr. Slíkir aðilar eru löggiltir bifreiðasalar.

4. gr. Prófnefnd bifreiðasala

Ráðherra skipar prófnefnd bifreiðasala sem skal hafa yfirumsjón með námskeiði og prófi þeirra sem vilja reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Í henni eiga sæti þrír menn og skal einn þeirra vera fulltrúi bifreiðaeigenda og annar fulltrúi bifreiðasala. Þrír varamenn skulu valdir með sama hætti. Kostnað vegna námskeiða og prófa skal greiða með kennslu- og prófgjöldum er ráðuneytið ákveður. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði mæli sérstakar ástæður með því. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um próf og heimildir prófnefndar til að semja við skóla til að halda námskeið og próf.

5. gr. löggildingu og leyfi til sölu notaðra bifreiða

Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess leyfi sýslumanns. Hver sá sem vill öðlast löggildingu skal hafa til þess leyfi sýslumanns.

Ráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumannsembættis.

Verslun á grundvelli starfsleyfis skv. 1. mgr. skal rekin á fastri starfsstöð. Framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi fullnægja skilyrðum 1.–5. tölul. 6. gr. Á opnunartíma fastrar starfsstöðvar skal ávallt vera viðstaddur a.m.k. einn starfsmaður sem uppfyllir skilyrði 1. –5. tölul. 1. mgr. 6. gr.

Bifreiðasala er einungis heimilt að hafa í þjónustu sinni við bifreiðasöluna menn sem ábyrgðartrygging hans tekur til eða eru sjálfir bifreiðasalar.

6. gr. Skilyrði leyfis og löggildingar

Leyfi skv. 5. gr. verður einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Eru búsettir á Íslandi. Skilyrðið um búsetu á þó ekki við íslenska ríkisborgara eða lögaðila né

ríkisborgara og lögaðila annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga og lögaðila í Færeyjum.

2. Eru lögráða og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, lögum um verslunaratvinnu, svo og lögum um sölu notaðra ökutækja.

3. Hafa forræði á búi sínu.

4. Hafa lagt fram skírteini því til sönnunar að þeir hafi tekið starfsábyrgðartryggingu hjá váttryggingarfélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu á Íslandi. Nánari ákvæði um ábyrgðartrygginguna, m.a. um lágmarksfjárhæð og váttryggingaskilmála, er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð.

5. Hafa sótt námskeið og lokið þar prófi samkvæmt prófkröfum sem settar eru í reglugerð sem ráðherra ákveður

Aðili sem sviptur hefur verið leyfi skv. 19. gr. skal sitja námskeið og standast prófkröfur, sbr. 5. tölul., áður en honum er veitt starfsleyfi á ný.

7. gr. Skyldur bifreiðasala

Bifreiðasali skal afla upplýsinga, sem staðfestar skulu skriflega af seljanda, um akstur og ástand skráningarskylds ökutækis, svo og annarra þeirra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupanna. Bifreiðasali skal kynna ástandslýsingu fyrir væntanlegum kaupanda áður en kaupandi verður skuldbundinn af tilboði eða kaupsamningi. Bifreiðasali skal jafnframt afla skriflegrar staðfestingar kaupanda á móttöku ástandslýsingarinnar og annarra fylgigagna áður en kaup fara fram. Gögn þessi skulu fylgja afsali og skal bifreiðasali jafnframt varðveita afrit þeirra í tvö ár frá söludegi viðkomandi ökutækis.

Bifreiðasala er óheimilt að innheimta sölupóknun af kaupanda þegar hluti af greiðslu kaupverðs er bifreið í eigu kaupanda. Bifreiðasala er þó heimilt að áskilja sér með samningi sanngjarna þóknun af kaupanda vegna umsýslu í tengslum við milligöngu þegar kaupandi innir af hendir greiðslu í formi annarrar bifreiðar nema báðar bifreiðarnar hafi verið á söluskrá viðkomandi bifreiðasala.

Þá skal kaupanda afhent vottorð úr ökutækjaskrá sem sýnir ótvírætt að seljandi sé eigandi þess ökutækis sem selt er eða hafi umboð til sölunnar. Bifreiðasali skal staðfesta að fullnægjandi ástandslýsing, sbr. 1. mgr., fylgi ökutæki og einnig skal hann staðreyna upplýsingar um eiganda þess og hvort veðbönd hvíla á ökutækinu. Bifreiðasali ber ábyrgð á því ef upplýsingar reynast rangar eða ófullnægjandi að þessu leyti, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu.

Skyldur bifreiðasala samkvæmt lögum þessum raska ekki skyldum sem kunna að hvíla á seljanda skv. öðrum lögum.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla fyrir um þær lágmarksupplýsingar sem lagðar skulu fram við sölu notaðra ökutækja og fram eiga að koma í kaupsamningi og afsali vegna sölu þeirra. Einnig er ráðherra heimilt að kveða á um sérstaka skrá þar sem fram komi fyrri eigendur og tjónaferill viðkomandi ökutækis.

8. gr. Samningar við seljanda

Bifreiðasali skal gera skriflegan samning við seljanda við upphaf viðskipta þeirra um eftirtalda þætti:

1. Fyrirkomulag reynsluaksturs.

2. Söluþóknun vegna starfa bifreiðasalans.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður á um hvaða atriði skulu koma fram í slíkum samningum.

9. gr. Trúnaðarskyldur bifreiðasala

Bifreiðasali skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum.

Ef upp kemur ágreiningur í kjölfar bifreiðaviðskipta skal bifreiðasali reyna að stuðla að sáttum.

Bifreiðasali ber ábyrgð á verkum starfsmanna sinna við sölu ökutækja sem væru þau verk hans sjálfs. Bifreiðasali skal, áður en gengið er frá afsali notaðs ökutækis, greina kaupanda með sannanlegum hætti frá þeim rétti hans að láta óháðan aðila meta ástand ökutækis, svo sem faggilta skoðunarstofu eða faggilt skoðunarverkstæði. Kostnað við slíkt mat skal kaupandi greiða nema um annað verði samið.

Bifreiðasali skal með áberandi hætti vekja athygli á gjaldskrá fyrir söluþóknun að meðtöldum virðisaukaskatti, þar á meðal þegar um skipti á bifreiðum er að ræða. Einnig er skylt að leyfisbréf vegna starfseminnar liggi frammi á starfsstöð.

Hafi bifreiðasali ástæðu til að ætla að ástandi ökutækis sé ábótavant ber honum að vekja athygli kaupanda á þeim annmarka skriflega í fylgiskjali með afsali vegna bifreiðaviðskiptanna.

10. gr. Skjalagerð

Bifreiðasali skal annast um að endanlega sé gengið frá kaupsamningi, afsali og öðrum skjölum vegna viðskipta á hans vegum og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal í kauptilboðum, kaupsamningum, afsölum og skuldabréfum, hver samið hafi og greina nafn hans svo að eigi verði um villst.

Eingöngu bifreiðasala er heimilt að koma fram fyrir hönd bifreiðasölu gagnvart lánaþyrftækjum.

Bifreiðasalar skulu vera auðkenndir sérstaklega á starfsstöð og þar með aðgreindir frá þeim starfsmönnum sem ekki njóta starfsleyfis samkvæmt 5. gr.

11. gr. Hæfisreglur

Hyggist bifreiðasali, fyrirtæki er hann starfar við eða aðrir starfsmenn bifreiðasölu selja eigið ökutæki eða kaupa ökutæki sem þessum aðila hefur verið falið að annast sölu á skal viðskiptamanni kynnt það sérstaklega og þess jafnframt getið í kaupsamningi. Sama gildir um maka og nán skyldmenn bifreiðasala eða starfsmanna við sölu.

12. gr. Eftirlit

Sýslumaður gefur út leyfi og hefur eftirlit með því að bifreiðasalar uppfylli almenn skilyrði skv. 6. gr.

Bifreiðasali skal skila skírteini frá váttryggingarfélagi um að hann hafi gilda ábyrgðartryggingu eigi síðar en 15. janúar hvert ár.

Nú hefur yfirlýsingu skv. 2. mgr. ekki verið skilað í réttu horfi, og þess efnis sem krafist er, fyrir 15. janúar og skal þá sýslumaður veita tveggja vikna frest til skilanna. Sé ekki orðið við áskorun um skil og skýringar, sem sýslumaður metur fullnægjandi, ekki veittar á því að skil hafi ekki farið fram skal sýslumaður svipta bifreiðasala tímabundið löggildingu. Hafi yfirlýsingu ekki verið skilað í réttu horfi 1. febrúar sama ár skal bifreiðasali sá er í hlut á sviptur löggildingu tímabundið.

Sýslumaður heldur skrá yfir þá sem hafa leyfi til starfsemi samkvæmt þessum kafla.

Nú rekur aðili starfsemi sem leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum án tilskilinna réttinda og skal þá sýslumaður þegar í stað stöðva þá starfsemi, þar á meðal með lokun starfsstöðvar.

13. gr. Valdheimildir eftirlitsaðila og viðurlög

Eftirlit með starfsemi bifreiðasala er í höndum sýslumanns.

Nú telur sýslumaður að bifreiðasali hafi vanrækt skyldur sínar, eða gerst brotlegur við lög í starfsemi sinni, og skal hann þá skora á hann að bæta ráð sitt án tafar. Geri hann það ekki, eða ef sýslumaður telur að brot sé ekki smávægilegt, getur hann veitt bifreiðasala áminningu vegna slíkra brota. Áður en áminning er veitt skal sýslumaður gefa bifreiðasala kost á að koma að sjónarmiðum sínum.

Nú lætur bifreiðasali ekki skipast við áminningu skv. 1. mgr. eða hann vanrækir alvarlega skyldur sínar að mati sýslumanns eða hefur ítrekað verið áminntur vegna brota sinna, án þess að starfsemi hans teljist komin í gott horf, og skal sýslumaður þá svipta hann tímabundið löggildingu. Áður en til þess kemur skal þó gefa honum kost á að koma að sjónarmiðum sínum.

Nú telur sýslumaður að bifreiðasali sem hann hefur svipt löggildingu tímabundið, hafi bætt að fullu úr því sem ábótavant var í rekstri hans eða vinnubrögðum og var tilefni sviptingarinnar og getur sýslumaður þá afturkallað hana.

Tímabundin svipting löggildingar getur ekki varað lengur en tólf vikur.

Sýslumaður getur lagt stjórnvaldssektir á aðila sem brjóta gegn 3. og 4. mgr. 5. gr., 1-2. mgr. 7. gr., , 1., 3., 4. og 5. mgr. 9. gr. eða 11. gr. laganna.

Sektir vegna skv. 6 mgr. geta numið allt að 1.500.000 kr., allt eftir alvarleika brotsins.

14. gr. Heimildir eftirlitsaðila

Sýslumaður getur kafið eftirlitsskylda aðila um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem hann setur. Hann getur einnig skyldað þessa aðila til að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við eftirlitið.

Sýslumaður getur við rannsókn mála gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð eftirlitsskylds aðila og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim. Við framkvæmd slíkra aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð sakamála um leit og hald á munum.

15. gr. Kæruheimildir

Bifreiðasali getur skotið ákvörðun sýslumanns um að veita honum áminningu eða sekt til ráðherra.

Bifreiðasali getur skotið til ráðherra ákvörðun sýslumanns um tímabundna sviptingu á löggildingu.

Sýslumaður getur skotið máli bifreiðasala, sem sviptur hefur verið tímabundið löggildingu til bifreiðasölu, til ráðherra. Getur sýslumaður gert kröfu um að ráðherra mæli fyrir um ótímabundna sviptingu löggildingar. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 13. gr. helst svipting löggildingar til bifreiðasölu meðan mál er til meðferðar hjá ráðherra.

Frestur til þess að skjóta máli til ráðherra skv. 1.–3. mgr. er 1 mánuður frá því að ákvörðun var tilkynnt bifreiðasala.

Ráðherra getur felld úr gildi ákvörðun um tímabundna sviptingu löggildingar, breytt þeim tíma sem sviptingin skal standa, staðfest ákvörðun um tímabundna sviptingu löggildingar eða ákveðið að hún skuli vera ótímabundin. Jafnframt getur ráðherra staðfest eða breytt ákvörðun sýslumanns um stjórnvaldssektir.

Ráðherra skal taka mál til meðferðar og ljúka því þótt bifreiðasali láti af störfum og leggi löggildingu sína inn til sýslumanns áður en meðferð máls hefst eða meðan á meðferð máls stendur.

Sé máli um áminningu bifreiðasala, tímabundna sviptingu löggildingar eða sektir skotið til ráðherra skal hann tilkynna sýslumanni um málalýktir.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði I

Ráðherra skal skipa starfshóp til að kanna hvort skynsamlegt sé að færa nám til löggildingar. sbr. 5. tölul. 6. gr. laganna, til háskóla. Starfshópurinn skal skipaður eigi síðar en ári eftir samþykkt laganna.

II. kafli

Breyting á lögum um verslunarátvinnu nr. 28/1998

17. gr.

IV. kafli laganna, um sölu notaðra ökutækja, 11.–19. gr., fellur brott og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Núgildandi lagaákvæði er varða sölu notaðra bifreiða er að finna í lögum um verslunarátvinnu nr. 28/1998, nánar tiltekið í IV. kafla laganna. Ákvæðin komu upprunalega fram í lögum nr. 69/1994 en þau lög voru felld inn í lög um verslunarátvinnu árið 1998. Lagaákvæði er varða sölu notaðrar bifreiða eru því að stofni til 20 ára gömul. Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) og Bilgreinasambandið hafa í nokkurn tíma bent á að tími væri kominn til að lögin yrðu uppfærð með hliðsjón því hvernig til hafi tekist í framkvæmd og bætt yrði úr vandkvæðum. Að þessu virtu ákvað iðnaðar- og viðskiptaráðherra að skipa starfshóp til að endurskoða IV. kafla laga nr. 28/1998. Í maí 2014 skipaði ráðherra starfshóp eftir tilnefningum FÍB, Bilgreinasambandsins, Neytendasamtakanna og innanríkisráðuneytisins sem falið var að fara gaumgæfilega yfir framkvæmd laganna, mögulega ágalla, atriði sem telja má þörf á að skýra nánar. Formaður starfshópsins var skipaður, án tilnefningar, af ráðherra.

II. Tilgangur og nauðsyn lagasetningar

Lagaumhverfi þeirra sem hafa atvinnu af milligöngu við sölu notaðra bifreiða hefur ekki tekið miklum breytingum frá því þau voru sett 1994. Síðastliðin ár hafa haghafar kvartað yfir því að eftirlit með lögunum sé ekki nægilegt og að ákvæði lagana þurfi endurskoðun. Frumvarpið er samið af starfshóp sem var skipaður til að skoða löggjöf um bifreiðar og gera úrbætur á.

Tilgangur frumvarpsins er að bregðast við ábendingum um að eftirlit með lögunum hafi verið ófullnægjandi. Og jafnframt er frumvarpinu ætlað að uppfæra reglur um bifreiðasala til að tryggja réttindi kaupenda og seljenda, sem yfirleitt eru neytendur. Þá er stefnt að því að setja skýrari ramma utan um milligöngu sölu notaðra bifreiða.

III. Meginefni

Helstu breytingar frá gildandi löggjöf eru:

Reglur um sölu notaðrar ökutækja eru sett fram í sérstökum lögum í stað þess að vera kaflar í öðrum lögum. Bætt er markmiðsákvæði við lögin. Gerð er sú krafa að á fastri starfsstöð sé starfsmaður sem uppfylli skilyrði 6. gr. og að ábyrgðartrygging nái til allra starfsmanna bifreiðasala. Gerð krafa um skriflegar tilkynningar í auknum mæli til að tryggja sönnun. Settar reglur um þóknun vegna uppítökubifreiða. Skyldur bifreiðasala gerðar skýrari og bifreiðasala gert skylt að reyna að stuðla að sáttum þegar ágreiningur kemur upp. Bifreiðasala er gert skylt að gera samning við seljanda um sölubóknun og reynsluakstur bifreiða. Eingöngu bifreiðasölum er heimilt að annast samskipti við lánaþyrftaki. Þá er bifreiðasölum gert að auðkenna sig sérstaklega svo hægt sé að greina þá frá ófaglærðum. Úrræði sýslumanns eru uppfærð og honum gert heimilt að sekta aðila sem brjóta gegn tilteknum ákvæðum laganna. Auk þessa er málsmeðferð uppfærð með ítarlegri ákvæðum og bætt er við kærueimild til ráðuneytis vegna ákvarðana sýslumanns.

Skoðað var hvort afnema ætti fyrirkomulag núgildandi laga sem heimilar lögaðilum að sækja um rekstrarleyfi og þar með í reynd löggildingu til milligöngu við sölu notaðra bifreiða. Óheppilegt þykir að tengja löggildingu rekstrarleyfi líkt og núgildandi lög gera. Það þótti heppilegra en að umturna framkvæmd á þessu sviði að styrkja rétt þeirra sem hafa löggildingu og auka eftirlit, þannig að lögaðilar sem hafa réttindin þurfa að sanna að þeir uppfylli skilyrðin og skila árlega inn vottorði þess efnis að þeir hafi gilda ábyrgðartryggingu. Þannig eykst hvati til að sækja um réttindin og þeir lögaðilar sem hafa fengið réttindi en eru óvirkir eða uppfylla ekki lengur skilyrðin verða sviptir réttindunum. Ef frumvarp þetta nær markmiði munu fleiri aðilar sækja nám og fá löggildingu til milligöngu við sölu notaðra bifreiða og við næstu uppfærslu mætti breyta fyrirkomulaginu þannig að löggilding verði eingöngu bundin við persónu og ekki jafnframt tengd rekstrarleyfi.

Eins og nánar er rakið í kafla IV. var skoðað hvort Neytendastofa eða sérstök eftirlitsnefnd ætti að sinna eftirlitinu í stað sýslumanns. Eftir ítarlega skoðun var ákveðið að sýslumaður skyldi áfram fara með eftirlitið. Við þá ákvörðun var jafnframt litið til stefnu ríkisstjórnarinnar um að efla sýslumannsembættin og til þess að eftirlitið var í höndum lögreglu en var nýverið fært til sýslumanns. Af þeim sökum er ekki komin nægilegt reynsla á eftirlitið svo hægt að meta hversu áhrifaríkt núverandi fyrirkomulag er.

IV. Samráð.

Starfshópurinn skoðaði ýmsa möguleika varðandi eftirlit með bifreiðasölum. Á meðan starfshópurinn var að skoða möguleikanna var lögunum breytt og sýslumanni falið eftirlit í stað lögreglunnar. Starfshópurinn skoðaði fyrst tvo möguleika þ.e. hvort sýslumaður ætti að hafa eftirlit eða

Neytendastofa. Verkefni Neytendastofu skarast við löggjöfina og stofnunin þótti að mörgu leyti heppilegt til að annast eftirlitið. Starfshópurinn fékk, þann 10. mars 2015, á fund til sín fulltrúa sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og Neytendastofu til að ræða þessa tvo kosti. Aðilum var jafnframt send drög að frumvarpi til skoðunar og var það til umfjöllunar á umræddum fundum.

Starfshópurinn fylgdist með þróun mála vegna breytinga á löggjöf um milligöngu við sölu fasteigna og skipa, þá lög um sölu fyrirtækja, fasteigna og skipa nr. 99/2004, og í kjölfarið var íhugað hvort æskilegt væri að setja á stofn sérstaka eftirlitsnefnd. Starfshópurinn fundaði, 8. október 2015, með eftirlitsnefnd fasteignasala til að afla upplýsinga um kosti og galla þess að hafa sérstaka eftirlitsnefnd. Leitað var umsagna um drög að frumvarpi... Í vinnslu.

V. Mat á áhrifum.

Eftirlit með bifreiðasölum er aukið. Frumvarpið fjölgar verkefnum sýslumanns vegna eftirlits með bifreiðasölum. Sýslumaður annast eftirlit samkvæmt núgildandi lögum en í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við eftirlitsúrræðum og útfært nánar hvernig málsmæðferð skuli háttað. Þessi verkefni eru þó ekki ólík þeim verkefnum sem sýslumaður hafði áður. Frumvarpið er til þess fallið að auðvelda eftirlitið þar sem skýrari reglur munu auðvelta eftirlitsaðila beitingu þeirra úrræða sem hann hefur. Þó er bætt við nýjum úrræðum sem ætla má að auki álag vegna verkefna tengdum bifreiðasölum. Þá eru nýmæli í lögnum sem þarf að fylgja eftir að festu svo tilgangur frumvarpsins nái fram að ganga. Lögin breyta umhverfi bifreiðasala með því að auka vægi þeirra sem hafa lokið námi til að öðlast réttindi til að hafa milligöngu við sölu notaðra ökutækja. Lögin munu því líklega valda aukinni eftirspurn í nám til að öðlast löggildingu. Jafnframt munu lögin takmarka starfs möguleikum þeirra sem starfa án hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að sett verði markmiðsákvæði sem er notað sem vegvísir komi upp vafamál við túlkun laganna. Lögin fjalla um réttindi og skyldur löggilts bifreiðasala og markmið laganna er að tryggja faglega aðstoð við milligöngu vegna sölu notaðra ökutækja. Bifreiðasala ber að gæta jafnræðis með aðilum og tryggja réttarstöðu kaupanda og seljanda. Frágangur og öll skjalagerð vegna viðskiptanna skulu gerð með vönduðum og tryggum hætti. Upplýsingagjöf og ráðgjöf löggilts bifreiðasala telst vera sérfræðiráðgjöf og þarf hún því að taka mið af því.

Um 2. gr.

Gildissvið laganna er afmarkað í þessari grein en það er óbreytt frá eldri lögum um sama efni þ.e. IV. kafla laga um verslunaratvinnu nr. 28/1998. Lögin gilda eingöngu um sölu notaðra ökutækja sem fram fer í atvinnuskyni. Þau girða því ekki fyrir milliliðalaus sölu sem ekki er í atvinnuskyni, svo sem þegar einkabifreiðar eru auglýstar til sölu í dagblaðsauglýsingum. Þá þykir eðlilegt að undanskilja notuð ökutæki sem seld eru nauðungarsölu gildissviði laganna (sbr. 117 löggjafarþing – 389. mál). Jafnframt gilda lögin um innflutning nýrra bíla þegar það er ekki á vegum umboðsaðila og framleiðanda bifreiða. Ný bifreið sem er keypt erlendis og flutt inn telst notuð bifreið í skilningi laganna nema þegar umboðsaðili eða framleiðandi bifreiða flytja inn nýja bifreiðar. Lög þessi hafa ekki áhrif á kröfuréttindi aðila.

Um 3. gr.

Hér er sett fram skilgreining á hugtakinu bifreiðasali. Hugmyndafræðin á bak við þetta ákvæði er að styrkja grundvöll þeirra sem hafa löggildingu til sölu notaðra ökutækja. Í eldri lögum um sama efni er

jafnframt gert ráð fyrir því að þeir sem afla sér löggildingar hafi réttindi og skyldur sem eru nánar útfærðar í lögnum.

Um 4. gr.

Í gildandi lagaumhverfi er kveðið á um þessa heimild í reglugerð. Ákvæðinu er ekki ætlað að breyta því fyrirkomulagi sem hefur verið en í stað þess að kveða á um þessi atriði í reglugerð var ákveðið að mæla fyrir þeim í lögum. Þá var ákveðið var að lengja skipunartíma nefndarinnar og hafa hann í fjögur ár í stað tveggja.

Um 5. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 12. gr. laga um verslunaratvinnu nr. 28/1998. Samkvæmt greininni skulu þeir sem reka vilja bifreiðasölu hafa til þess sérstakt leyfi sýslumanns. Þetta þýðir í raun að engum öðrum en þeim sem hafa til þess sérstakt leyfi sýslumanns er heimilt að reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki. Markmiðið er að skapa ákveðið traust á þessum markaði með því að tryggja nauðsynlega faglega þekkingu og hæfi þeirra sem hafa milligöngu í þessum viðskiptum, sbr. skilyrðin fyrir veitingu leyfa skv. 3. gr. Jafnframt er mælt fyrir um nýmæli í 2.mgr. þar sem lagt er til að a.m.k. einn starfsmaður á hverjum tíma skuli fullnægja skilyrðum 1.-5. tölul. 5. gr. Markmið nýmælisins er að tryggja að á starfsstöð sé á hverjum tíma a.m.k. einn starfsmaður viðstaddur hefur réttindi sem bifreiðasali til að tryggja að bifreiðasala hafi ávallt faglaert fólk til að þjónusta viðskiptavinum. Þá er bætt við nýrri málsgrein sem tryggir að þeir sem selji notaðar bifreiðar fyrir hönd löggilts bifreiðasala falli undir tryggingar sem sá aðili hefur. Ef það verður tjón þá verði það bætt með þeirri tryggingu

6. gr.

Ákvæðið byggir á 13. gr. núgildandi laga. Lagt er til að breyta nokkrum atriðum. Í fyrsta lagi er breytt búsetaskilyrði núgildandi laga. Ákvæðið samkvæmt orðanna hljóðan gildi um íslenska ríkisborgara en ekki um lögaðila eða ríkisborgara á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga og lögaðila í Færeyjum. Íslendingur sem býr erlendis teldist því ekki uppfylla skilyrðið en einstaklingur sem býr erlendis og er ríkisborgari í aðildarríki Evrópusambandsins væri talin uppfylla skilyrðið. Í öðru lagi er breytt skilyrði um ábyrgðartryggingar og eingöngu gert ráð fyrir starfsábyrgðartryggingum ekki öðrum sambærilegum aðferðum. Þessi breyting tengist 5. gr. frumvarpsins og er sett fram til að tryggja að gild ábyrgðartrygging sé til staðar vegna tjóns sem kann að verða af verkum löggilts bifreiðasala eða starfsmanns hans sem fellur undir ábyrgðartrygginguna. Ákveðið var að víkja frá fyrri tilhögun sem var að nokkru leyti óskýr og gat leitt til ólíkrar réttarverndar viðskiptavina bifreiðasala allt eftir því hvort bifreiðasali studdist við bankaábyrgð eða hefðbundnar tryggingar. Slíkt fyrirkomulag þótti ekki heppilegt, meðal annars vegna þess að neytendur áttu þess ekki kost á að nýta sér hagfelld réttarúrræði, á borð við úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, þegar um er að ræða bankaábyrgð.

Um 7 gr.

Ákvæðið byggir á 14. gr. gildandi laga en lagðar eru til nokkrar breytingar. Lagt er til að kaupanda sé kynnt ástandslýsing bifreiðar áður en kaup fara fram og að slíkt sé gert áður en hann verður skuldbundinn af kauptilboði eða kaupsamningi. Þá er gerð sú breyting í samræmi við önnur lög að bifreiðasali varðveiti gögn í tvö ár. Auk þessa er lagt til að bifreiðasala sé óheimilt að taka söluþóknun fyrir svonefndar „uppþökubifreiðar“, en honum sé þó heimilt að krefjast þóknunar vegna umsýslu sem af þessu stafar, til dæmis vegna skráningar eigendaskipta. Að öðrum kosti væri bifreiðasali í raun að

taka sölubóknun fyrir sölu á tveimur eða fleiri bifreiðum í sömu sölu þegar ljóst er að engin raunveruleg sölustarfsemi hefur átt sér stað. Bifreiðasala er þó áfram heimilt að taka sölubóknun fyrir bifreiðar sem hann hafði á sölunni hjá sér og notaðar eru sem upptökubifreiðar í viðskiptum. Jafnframt er lagt til að bæta við að bifreiðasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar reynast rangar eða ófullnægjandi enda sé um gáleysi hans eða starfsmanna hans að ræða. Horft var til sambærilegra reglna sem gilda um löggilda fasteignasala hvað þetta varðar. Að lokum er áréttað að upplýsingaskylda seljanda samkvæmt öðrum lögum er óháð skyldum sem hvíla á bifreiðasala samkvæmt þessu ákvæði.

Um 8. gr.

Gerð er tillaga að nýju ákvæði sem varðar réttarstöðu bifreiðasala og seljanda. Bifreiðasali og seljandi skulu koma sér saman um sölubóknun og hvernig reynsluakstri skuli háttað. Lagt er til að ráðherra setji reglugerð sem innihaldi þá staðla sem skipta máli varðandi þetta. Bifreiðasala er eftir sem áður heimilt að útbúa samninga af því gefnu að þeir taki á sömu efnisatriðum. Eyðublað sem birt verður í reglugerð kveður á um lágmarksupplýsingar sem fram þurfa að koma.

Um 9. gr.

Í 15. gr. gildandi laga er almennt ákvæði um skyldur bifreiðasala gagnvart viðskiptamönnum sínum. Lagt er til að bæta við ákvæðið tveimur nýmælum. Annars vegar að bifreiðasali skuli reyna að ná sáttum milli aðila ef ágreiningur verður vegna sölunnar og að sölubóknun skuli gefin upp í prósentu sem inniheldur virðisaukaskatt. Þar sem ákvæðið inniheldur matskenndar vísireglur er lögð áhersla á að skýra inntak þess í athugasemdum með greinargerð frumvarpsins.

Hafa ber í huga að bifreiðasali er í þjónustu beggja aðila, seljanda og kaupanda, og er honum skylt að gæta hagsmuna þeirra beggja við samningsgerð eins og kostur er. Sérstaklega er mikilvægt að hann tryggi réttarstöðu aðila og hagsmuni þeirra við sölu. Þannig ber bifreiðasala að leiðbeina aðilum um hvernig er best að tryggja stöðu þeirra komi upp vanefndir af hálfu gagnaðila.

Þykir rétt að kveða á um þá skyldu bifreiðasala að upplýsa kaupanda um þann möguleika að láta hlutlausan aðila skoða bifreiðina áður en kaup fara fram. Í þessu sambandi skal sérstaklega tekið fram að ekki þykir rétt að leggja til að óháður aðili útbúi ástandslýsingu þegar notað ökutæki er tekið til sölu. Þetta er vegna þess að ökutæki er iðulega sett á skrá hjá hlutaðeigandi bifreiðasala en síðan notar eigandi ökutækisins það áfram þar til af sölu verður. Ef notaðar bifreiðar væru yfirleitt í eigu bifreiðasalanna eins og algengast er í nágrannalöndunum og því ekki í stöðugri notkun þar til þær eru seldar væri ekki óeðlilegt að gera kröfur um ástandslýsingu frá óháðum aðila.

Bifreiðasalar þekkja raunverð á markaði og þeim ber að stuðla að sanngjarni verðlagningu og er ávallt óheimilt að hlunnfara viðskiptavinum með röngum upplýsingum. Þá er mikilvægt að bifreiðasali bendi á þau lánakjör sem eru í boði og leiðbeini kaupanda um hvað henti honum best. Það fer í bága við góðar viðskiptavenjur að beina neytendum til lánastofnunar þar sem bifreiðasali er með sérstakan samning við, sérstaklega ef hann fær umbun frá lánastofnunni fyrir hvern viðskiptavin.

Hafi bifreiðasali ástæðu til að ætla að ástand ökutækis sé ekki í samræmi við ástandslýsingu seljanda og hafi bifreiðasali vitneskju um þekkta galla sem gættu leitt til eftirmála ber honum skylda að segja kaupanda frá þeim annmörkum skriflega enda komi þeir ekki fram í fylgiskjölum við sölu. Bifreiðasali sem sér að ökutæki er ekki skráð sem tjónabíll en váttryggingarfélag var áður skráður eigandi ber að tilkynna aðila um það og kanna hvort ökutækið hafi lent í tjóni.

Bifreiðasali ber ábyrgð á því að réttarstaða aðila vegna sölu bifreiða sé trygg og að þeir hafi tekið upplýsta ákvörðun um kaup á bifreið. Ef aðilar verða ósáttir eftir að kaup eru komin á skal bifreiðasali reyna ná fram sáttum. Hann getur í þessu augnamiði haldið fund með aðilum og greint frá sinni afstöðu til málsins. Bifreiðasali skal eftir atvikum leiðbeina aðilum um hvaða kæruúrræði koma til greina.

Markmið breytingarinnar á 3. mgr. ákvæðisins er að tryggja að kaupendur fái með sannanlegum hætti upplýsingar frá bifreiðasala ef hann telur ástæðu til að ætla að ástandi ökutækis sé ábótavant. Ef bifreiðasali tilkynnir kaupanda þetta munnlega er hætta á því að erfitt verði að sanna hvort bifreiðasali hafi gert það eður ei, og jafnframt getur reynst erfitt að sanna nákvæmlega hvað bifreiðasali sagði. Því er talið réttara og öruggara að leggja skyldu á bifreiðasala að tryggja sér formlega sönnun með þeim hætti sem greinir í ákvæðinu.

Lagt er til að sölubókun sé gefin upp með virðisaukaskatti en ekki eingöngu tilgreint að virðisaukaskattur bætist við hana. Lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 gilda um slík tilvik. Í 5. tölul. 3. gr. laganna kemur fram að verð er andvirði vöru og þjónustu með virðisaukaskatti og öðrum opinberum gjöldum þar sem við á, þ.e. hvers konar endurgreiðsla án tillits til þess hvort notað er annað heiti, svo sem endurgjald, laun þóknun, frakt, flutningsgjald, taxi, leiga eða því um líkt. Í 1. mgr. 2. gr. reglna nr. 537/2011 um verðupplýsingar við sölu á þjónustu kemur fram að söluverð er endanlegt verð í íslenskum krónum fyrir hverja einingu vöru eða tiltekið magn vöru að meðtöldum virðisaukaskatti og öllum öðrum opinberum gjöldum. Í 3. gr. reglnanna kemur fram að sölustað er skylt að gefa upp verð fyrir þjónustu með endanlegu söluverði í íslenskum krónum. Endanlegt söluverð er verð með virðisaukaskatti og öðrum opinberum gjöldum. Ef annar kostnaður bætist við söluverðið þarf að taka það sérstaklega fram. Í 3. mgr. 4. gr. kemur m.a. fram að ef verð fyrir þjónustuna er háð breytingum og ómögulegt að gefa upp endanlegt verð fyrirfram skal tilgreina hæsta og lægsta mögulega verð. Í þeim tilvikum skal einnig greina frá því hvernig verðið er reiknað út. Tíðkast hefur að gefa upp þóknun með prósentutölu sem felur ekki í sér virðisaukaskatt og bæta síðan við textanum „plús vsk“. Með þessum hætti eru gefnar upp ónákvæmar upplýsingar sem eru í andstöðu við fyrrgreindar reglur. Bifreiðasalar skulu því gefa upp sölubókun með prósentutölu sem inniheldur virðisaukaskatt. Þetta er árétting á gildandi rétti.

Um 10. gr.

Ákvæðið er byggt á 16. gr. gildandi laga en lögð eru til tvö nýmæli. Lagt er til að eingöngu löggiltir bifreiðasalar geti komið fram fyrir hönd bifreiðasölu gagnvart lánaþyrftækjum vegna fjármögnun kaupa á bifreið. Þá er lagt til að löggiltir bifreiðasalar séu auðkenndir sérstaklega t.d. með nafnspjaldi þar sem fram kemur að viðkomandi sé löggiltur bifreiðasali en aðrir starfsmenn séu þá auðkenndir sem sölufulltrúar eða með annað sambærilegt heiti.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða eldri ákvæði um sama efni. Í greinargerð með frumvarpi til laga um sölu notaðra ökutækja nr. 69/1994 kemur fram að ákvæðinu sé ætlað að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun bifreiðasala eða starfsmanna hans á aðstöðu sinni. Talið var rétt að gera engar breytingar á þessu ákvæði enda hafi ekki verið kvartað undan því í framkvæmd. Þá hefur ákvæði um hæfi fasteignasala, 14. gr. laga nr. 70/2015, sem nýlega var tekið til endurskoðunar, sbr. 3. gr. laga nr. 131/2015, verið breytt með hliðsjón af þessu ákvæði.

Um 12. gr.

Lagt er til að sýslumaður gefi út leyfi og hafi eftirlit með bifreiðasölum. Eftirlitinu má skipta í tvennt annars vegar eftirliti með því almenn skilyrði séu uppfyllt og hins vegar eftirliti með því að aðilar fari eftir ákvæðum laganna. Til að tryggja að neytendur sem verða fyrir tjóni geti fengið tjón sitt bætt er lagt til að bifreiðasala sé skylt að skila inn skírteini frá váttryggingarfélagi á hverju ári. Vanræksla á þessari skyldu leiðir til tímabundinnar sviptingar löggildingar.

Um 13. gr.

Lagt er til að úrræði eftirlitsaðila séu nánar útfærð. Við útfærslu ákvæðisins var horft til laga um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015. Settar eru ítarlegri reglur um áminningu og sviptingu í kjölfar hennar. Þá er tímabundinni sviptingu settur rammi þannig að hún geti aldrei verið lengri en tólf vikur nema þegar málinu er skotið til ráðherra sbr. 14. gr.

Þá er lagt til nýmæli í 6. mgr. þar sem kveðið er á um stjórnvaldssektir vegna tiltekinna brota á lögunum. Þetta ákvæði er í samræmi við þróun í stjórnsýslu- og refsirétti. Í sumum tilvikum er stjórnvaldssekt heppilegra úrræði en svipting starfsréttinda. Stjórnvaldssektum verður er einungis beitt í tilvikum þar sem brott telst alvarlegt. Tilgreint er hvaða brot eru þess eðlis að beita megi stjórnvaldssektum vegna þeirra. Stjórnvaldssektir skulu aldrei nema hærri fjárhæð en 1.500.000 kr. og ráðast af mati sýslumanns á eðli brots, ásetningi og ítrekun. Það skal haft í huga að 1.500.000 kr. er hámarkið í þessum efnum og ekki er ætlast til þess að sektir nálgist hámarkið nema í alvarlegustu tilfellum. Í flestum tilvikum má búast við því að töluvert lægri sektir teljist hæfilegar. Hámarkið er þó ákveðið hærri, enda kunna einstök brot að reynast sérstaklega alvarleg eða ítrekuð.

Um 14. gr.

Til að sýslumaður geti sinnt eftirliti með lögunum þarf hann að geta aflað upplýsinga og gagna sem nauðsynleg eru vegna eftirlitsins. Þá er honum gert heimilt að gera nauðsynlegar athuganir á starfsstöð eftirlitsskyldra aðila. Þar sem slíkt inngrip er íþyngjandi ber við framkvæmd slíkra aðgerða að fara eftir lögum um meðferð sakamála.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru reglur um málskot til ráðherra og meðferð málsins hjá honum. Við samningu ákvæðisins var horft til laga um sölu fasteigna og skipa.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um heimild bifreiðasala til þess að skjóta til ráðherra ákvörðun sýslumanns um að veita honum áminningu og um ákvörðun kostnaðar. Er eðlilegt að hann hafi slíka heimild því áminning getur haft alvarleg réttaráhrif fyrir hann.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um rétt bifreiðasala til þess að skjóta til ráðherra ákvörðun sýslumanns um tímabundna sviptingu löggildingar. Ekki er þörf á að rökstyðja hagsmuni hans af því að eiga kost á slíku málskoti.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um heimild sýslumanns til þess að skjóta ákvörðun sinni til ráðherra. Slík málskotsheimild stjórnvalds er óvenjuleg. Í þessu tilviki er hún þó nauðsynleg þar sem sýslumaður hefur aðeins heimild til þess að svipta bifreiðasala löggildingu hans tímabundið þótt fyrir hendi kunni að vera ærið tilefni til ótímabundinnar sviptingar. Ekki þykir fært að leggja til að sýslumaður hafi heimild til að svipta löggildingu varanlega. Brýnast er að stöðva starfsemi bifreiðasala þegar högum hans og vinnubrögðum er þannig komið að hann setur hagsmuni viðskiptamanna sinna í uppnám. Því

markmiði er náð með tímabundinni sviptingu. Þarf því ekki að ganga lengra í að veita sýslumanni heimildir, enda getur hann orðið að taka ákvarðanir á skömmum tíma eins og fyrr greinir. Sýslumaður getur í málskoti sínu, eða í andsvari við málskoti bifreiðasala, gert kröfu um að bifreiðasala verði sviptur löggildingu ótímabundið.

Í 4. mgr. er kveðið á um frest til að skjóta máli til ráðherra.

Í 5. mgr. eru ákvæði um kosti ráðherra þegar málum er skotið til hans. Kostir hans eru fjórir eins og segir í málsgreininni.

Í 6. mgr. kemur fram að ráðherra skuli taka mál til meðferðar þó bifreiðasala skili inn réttindum sínum á meðan málið er til meðferðar hjá sýslumanni eða ráðuneyti. Bifreiðasala á ekki að geta brotið af sér í starfi og forðast að mál fái umfjöllun með því að skila inn réttindum sínum.

Um 16. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um Bráðabirgðaákvæði I

Á lokametrum vinnu nefndarinnar var tekið til skoðunar hvort færa ætti nám vegna löggildingar á grundvelli laganna til háskólanna. Þetta kom til vegna stefnumótunar innan atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem miðar að því að fella niður prófnefndir og færa nám til þar til berra stofnanna. Nefndarmenn töldu að fulltrúar mikilvægra sjónarmiða skorti t.d. var engin í nefndinni tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra. Þá voru ýmis álitaefni sem komu til skoðunar sem þörfuðust frekari yfirlegu og þekkingu á framkvæmd. Það var niðurstaða nefndarinnar að kveða á um stofnun starfshóps í bráðabirgðaákvæði. Í slíka nefnd væri m.a. mögulegt að skipa aðila sem hafa komið að náminu.

Um 17. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.